



# Afla- og veiðarfæratrygging

Skilmáli nr. ME10

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

## Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. ME10.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Afla- og veiðarfæratrygging tryggir annars vegar afla um borð í skipi og hins vegar veiðarfæri sem eru staðsett um borð í skipi.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.

Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

## 1. Hvað er tryggt?

- 1.1 Tryggingin gildir fyrir afla og/eða veiðarfæri sem eru um borð í því skipi sem tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 1.2 Tryggingin gildir fyrir frystan afla ef sérstaklega hefur verið um það samið og það tilgreint í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

## 2. Hver er tryggður?

- 2.1 Eigandi þess sem tryggt er samkvæmt skírteini, þ.e. eigandi afla og/eða veiðarfæra, er tryggður.

## 3. Hvar gildir tryggingin?

- 3.1 Tryggingin gildir um borð í því skipi sem tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun og á því siglingasvæði sem skipið er tryggt fyrir í báta- eða skipatryggingu.

## 4. Hvað bætir tryggingin?

- 4.1 Tryggingin bætir:
  - 4.1.1 Altjón ef hið tryggða ferst með skipinu.
  - 4.1.2 Altjón og hlutatjón ef það stafar beinlínis af því að skipið strandar, sekkur, því hvolfir eða það rekst á annað skip, fasta eða fljótandi hluti.
  - 4.1.3 Tjón vegna eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.
  - 4.1.4 Þátttöku í samtjóni, samtjónskostnaði, hliðstæðum kostnaði og björgun.
- 4.2 Hafi sérstaklega verið um það samið bætir tryggingin tjón á frystum afla sem orsakast af sjóskaða, skyndilegum olíu- eða vatnsleka úr leiðslum skipsins, leka frystivökvans eða óviðráðanlegri bilun eða stöðvun frystivéla eða frystikerfis. Undanskilin eru tjón vegna breytinga á hitastigi nema bilun eða stöðvun frystivéla vari samfelld í það minnsta 24 klukkustundir.

## 5. Varúðarreglur

- 5.1 Skipið sem hið tryggða er um borð í skal vera smíðað, útbúið og haldið við í samræmi við notkun þess. Jafnframt skal tryggður, eða aðilar sem hann ber ábyrgð á, fara eftir lögum og reglum sem settar eru til að tryggja öryggi skipsins.
- 5.2 Skipið og vélum þess skal einungis stjórnað af aðilum sem hafa til þess fullgild réttindi eins og lög og reglur áskilja.
- 5.3 Ganga skal tryggilega frá festum þess skips sem hið tryggða er um borð í.
- 5.4 Þegar skipið sem hið tryggða er um borð í er mannlaut skal það vera læst, lyklar geymdir á öruggum stað og reglulegt eftirlit með skipinu.
- 5.5 Tryggður skal sjá til þess að skipinu sem hið tryggða er um borð í sé haldið við með fullnægjandi og eðlilegum hætti samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum. Það skal vera haffært þegar það lætur úr höfn, útbúið og mannað með fullnægjandi hætti, tryggilega hlaðið og nauðsynleg skipsskjöl skulu vera um borð.
- 5.6 Stjórnendur skips og starfsfólk skulu vera í andlegu og líkamlegu ástandi til að geta stjórnað skipinu örugglega og ekki vera undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna né annarra örvandi eða deyfandi efna við notkun skipsins.



## 6. Háttsemi annarra

- 6.1 VÍS er heimilt að bera fyrir sig háttsemi aðila sem með samþykki tryggðs er ábyrgur fyrir hinu tryggða skipi.
- 6.2 Í atvinnurekstri er VÍS heimilt að bera fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs lögaðila og stjórnenda skips sem hið tryggða er um borð í.

## 7. Ákvörðun bóta

- 7.1 Þegar tjón verður á tryggðum afla skulu bætur miðaðar við verðmæti þess afla sem er um borð í skipinu á tjónsdegi.
- 7.2 Þegar tjón verður á tryggðum veiðarfærum skulu bætur miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum veiðarfærum, sambærilegum þeim sem skemmdust. VÍS er heimilt að draga frá bótum verðrýrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti veiðarfæranna.
- 7.3 Ef unnt er að gera við veiðarfæri þannig að þau verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða ráðstafað veiðarfærunum til viðgerðar á kostnað VÍS.
- 7.4 Ef ekki er unnt að gera við veiðarfæri eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærileg veiðarfæri og urðu fyrir tjóninu að teknu tilliti til verðrýrnunar samkvæmt gr. 7.1. Hafi verið greiddar bætur samkvæmt þessari grein áskilur VÍS sér rétt til að gera tilkall til veiðarfæranna sem skemmdust.
- 7.5 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti veiðarfæranna sem skemmdust eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 7.6 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

## 8. Framsal

- 8.1 Tryggður má ekki án samþykkis VÍS framselja réttindi sín samkvæmt tryggingarsamningnum.

**Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.**